

AUGLÝSING

um deiliskipulag Mosahlíðar - breyting á skipulagsskilmálum fyrir Efstuhlíð, Hafnarfirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 21. september 1999 breytingu á deiliskipulagi Mosahlíðar sem staðfest var þann 14. september 1999. Breytingin felst í að breyta skipulagsskilmálum fyrir útbyggingar rað- og parhúsa ofan við götu í Efstuhlíð.

Deiliskipulagið hefur fengið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 6. október 1999.

Bæjarstjóri Hafnarfjarðar,

Magnús Gunnarsson.

AUGLÝSING

um deiliskipulag frístundabyggðar á svæði C í landi Lunds í Hálsahreppi.

Hreppsnefnd Hálsahrepps hefur samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 með síðari breytingum samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Lunds, Hálsahreppi. Deiliskipulagið varðar C lóðir nr. C 01, C 02, C 04 og C 15. Deiliskipulagið hefur verið yfirfarið af Skipulagsstofnun skv. skipulags- og byggingarlögum.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Illugastöðum, 3. október 1999.

F.h. hreppsnefndar Hálsahrepps,

Jón Þ. Óskarsson oddviti.

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Stóruskóga í landi Snorrastaða II, Laugardalshreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur hreppsnefnd Laugardalshrepps þann 7. september 1999 samþykkt breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar Stóruskóga í landi Snorrastaða II. Greinargerðir og uppdráttir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Breyting deiliskipulagsins öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. október 1999.

Guðmundur Rafnar Valtýsson oddviti.